

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1159/2005

2008/EES/45/38

frá 6. júlí 2005

**um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð
Bandalagsins á sviði samevrópskra neta (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrstu málsgrein 156. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (¹),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (²),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 2236/95 (³) er m.a. kveðið á um sameiginlega fjármögnun rannsókna, sem tengjast verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, að fjárhæð sem má að öllu jöfnu ekki fara yfir 50% af heildarkostnaðinum meðan hámarksframlag til verkefna á sviði fjarskipta má ekki fara yfir 10% af heildarfjárfestingarkostnaðinum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþættu frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 1.6.2006, bls. 24.

(¹) Stjóð. ESB C 234, 30.9.2003, bls. 23.

(²) Álit Evrópuþingsins frá 18. nóvember 2003 (Stjóð. ESB C 87 E, 7.4.2004, bls. 22), ákvörðun ráðsins frá 6. júní 2005.

(³) Stjóð. EB L 228, 23.9.1995, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 807/2004 (Stjóð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 46).

- 2) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1336/97/EB frá 17. júní 1997 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk fjarskiptanet (⁴) eru þau verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, skilgreind. Reynolds af framkvæmd þeirrar ákvörðunar hefur leitt í ljós að innan við eitt verkefni af hverjum tuttugu varðar útbreiðslu þjónustu, öll önnur eru rannsóknir tengdar útbreiðslu. Bein áhrif af aðstoð við samevrópsk fjarskiptanet eru því takmörkuð.

- 3) Kostnaður við útbreiðslu samevrópskrar þjónustu, sem byggist á rafrænum gagnasamskiptanetum, er umtalsvert hærri en kostnaður við sambærilega þjónustu í einstöku aðildarríki vegna hindrana sem leiðir af tungumáli, menningu, löggjöf og stjórnsýslu.

- 4) Komið hefur í ljós að kostnaður við undirbúningsrannsóknir vegna þjónustu í fjarskiptageiranum er hátt hlutfall þeirrar heildarfjárfestingar, sem er nauðsynleg til að breiða út þjónustuna, sem leiðir til þess að hámarksframlag, sem heimilað er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2236/95, er veitt til slíks rannsókna og kemur það í veg fyrir að aðstoð sé veitt til útbreiðslu þjónustunnar. Af þeim sökum hefur veiting aðstoðar samkvæmt þeirri reglugerð ekki haft nema óveruleg bein áhrif í þá átt að örva útbreiðslu þjónustunnar.

- 5) Einkum skal veita Bandalagsaðstoð til verkefna sem miða að því að örva útbreiðslu á þjónustu og nýta þannig framlagið sem best til að þróua upplýsingasamfélagið. Því er nauðsynlegt að hækka hámarksframlag í hlutfalli við raunverulegan kostnað sem hlýst af því að þjónustan er samevrópsks eðlis. Hækjun á framlagi Bandalagsins skal hins vegar einungis varða þjónustu í þágu almennings sem verður að yfirstíga hindranir vegna tungumáls, menningar, löggjafar og stjórnsýslu.

(⁴) Stjóð. EB L 183, 11.7.1997, bls. 12. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 1376/2002/EB (Stjóð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 1).

SAMPYKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. gr.

um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk fjarskiptanet (*), getur heildarfjárhæð Bandalagsaðstoðar samkvæmt þessari reglugerð numið allt að 30% af heildarfjárfestingarkostnaðinum.

Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2236/95:

„Þegar um er að ræða verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem eru tilgreind í I. viðauka við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1336/97/EB frá 17. júní 1997

(*) Stjtíð. EB L 183, 11.7.1997, bls. 12. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 1376/2002/EB (Stjtíð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 1).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. júlí 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. STRAW

forseti.
